

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Miklubraut, breikkun frá Kringlumýrarbraut að Grensásvegi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 28. apríl 2017, breytingu á deiliskipulagi Miklubrautar. Í breytingunni felst m.a. breikkun Kringlumýrarbrautar að Grensásvegi, afmörkun er breytt þar sem það mætir nýju deiliskipulagi fyrir Kringlumýrarbraut, frá Miklubraut að Bústaðavegi. Mörk deiliskipulagsins þar sem þau ná inn á Kringlumýrarbraut til suðurs færast að gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grensásvegur 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 28. apríl 2017, breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 1 við Grensásveg. Í breytingunni felst m.a. að byggingarreitur inndreginnar þakhæðar stækkar og ekki lengur skilyrt að þakhæð sé tæknirými. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Akrasel 8.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 28. apríl 2017, breytingu á skilmálum deiliskipulags vegna lóðarinnar nr. 8 við Akrasel. Í breytingunni felst m.a. að heimila tvær íbúðir og taka í notkun útgrafið rými í húsinu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Haukdælabraut 78-92.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 19. maí 2017, breytingu á deiliskipulagi Reynisvatnsáss vegna lóðarinnar nr. 78-92 við Haukdælabraut. Í breytingunni felst m.a. að innri byggingarreitur til suðausturs er stækkaður. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 26. maí 2017.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 12. júní 2017